

Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs

Starfs- og fjárhagsáætlun tekur til vinnu úthlutunarnefndar vegna umsókna í Uppbyggingarsjóð fyrir 2025.

Nefndarfundir:

Nefndin heldur 7 fundi á starfstímabilinu og eru þeir fjarfundir.

1. fundur, miðvikudaginn 28. ágúst kl. 11:00-12:00

- Starfsfólk og formaður fer yfir hlutverk og skyldur nefndarinnar
- Formaður fer yfir starfsáætlun nefndarinnar, tímalínu funda og næstu skref
- Starfsfólk kynnir fyrirkomulag á ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur

2. fundur, miðvikudaginn 16. nóvember kl. 11:00-12:00

- Starfsfólk SSNE fer stuttlega yfir helstu tölfræði á umsóknum sem bárust
- Starfsfólk kynnir Teams/gáttinni
- Formaður og starfsfólk fer yfir úthlutunarfyrirkomulag; úthlutunarreglur og matsblað.
 - Hæfi
 - Samræming á mati og einkunnagjöf
 - Heildarupphæð styrkfjár kynnt
- Starfsfólk SSNE kynnir matskjal sem úthlutunarnefnd notar til þess að gefa umsóknum einkunnir
- Formaður kynnir verklag við yfirlestur;
 - Tveir lesa hverja umsókn og gefa einkunn (yfirlesarar geta flaggað umsóknum og óskað eftir lestri annarra). Mat þarf að liggja fyrir eigi síðar en **fimmtudag 14. nóvember** svo starfsfólk geti unnið úr þeim gögnum til að móta yfirferðarplan fyrir úthlutunarfundi.

3. fundur, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 8:15-13:00

- Vinnufundur til yfirferðar umsókna

4. fundur, fimrudagurinn 21. nóvember kl. 12:30-16:30

- Vinnufundur til yfirferðar umsókna

5. fundur, föstudagurinn 22. nóvember kl. 8:15-13:00

- Vinnufundur til yfirferðar umsókna

- Lokatillaga að úthlutun úr Uppbyggingarsjóði undirbúin og send á stjórn SSNE

Aukafundur stjórnar SSNE áætlaður 25. nóvember gagngert til að fara yfir úthlutunartillögu.

6. fundur, miðvikudagurinn 27. nóvember kl. 8:15-9:30

- Sérstaklega ætlaður til yfirferðar umsókna ef þarf að bregðast við athugasemdum frá stjórn vegna úthlutunartillögu.
- Ef tími gefst: endurgjöf á ferlið.

7. fundur, föstudagur 29. nóvember 11:00-12:00

- Endurgjöf á ferlið og breytingar lagðar til fyrir úthlutun 2026.
 - Samantektarfundur í lokin þar sem við förum yfir það sem betur mætti fara og tímaáætlun næsta úthlutunarferlis lagt upp.
 - Matsskjal yfirfarið
 - Úthlutunarreglur yfirfarnar
 - Önnur mál

Úthlutunarhátíð fimmtudagur 5. desember – rafræn (kl. 15:00-16:00)

Með samþykki úthlutunarnefndar er formanni heimilt að boða ólaunaða fundi til viðbótar skipulögðum fundum. Minniháttar ákvarðanir sem snúa að umsóknum eða samningum má afgreiða með rafrænum hætti.

Gögn og úrvinnsla:

Þagmælsku skal gætt innan úthlutunarnefndar og óheimilt er að greina frá þeim atriðum sem leynt skulu fara. Að lokinni yfirferð yfir umsóknir skulu nefndarmenn senda einkunnablöð vegna úthlutunar til starfsmanna sjóðsins. Að því loknu skulu nefndarmenn eyða öllum gögnum sem þeir hafa aðgang að vegna vinnu sinnar í úthlutunarnefnd eða eigi síðar en 90 dögum eftir að tilkynnt hefur verið um úthlutun úr sjóðnum.

Fjárhagsáætlun:

Fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar	
Laun formanns vegna fundarsetu (7 fundir)	404,663
Laun annarra nefndarmanna vegna fundarsetu (7 fundir)	1,348,865
Laun nefndarmanna vegna lesturs umsókna (250 umsóknir)	600,000
Launatengd gjöld (25% af heildarlaunum)	588382
Launagreiðslur samtals	2,941,910

Akureyri, september 2024

Hilda Jana Gísladóttir, formaður úthlutunarnefndar.